

Fimmtudaginn 16. júní 1988.
Nr. 97/1987. **Pálmi Lórensson**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Innheimtu ríkissjóðs í Vestmannaeyjum

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Búnaðarbanka Íslands

(Baldvin Jónsson hrl.)

Hljómbæ hf.

(

Íðnaðarbanka Íslands hf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

Bjarna Gunnarssyni

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Vestmannaeyjakaupstað

(Jón Hjaltason hrl.)

og Sambandi íslenskra samvinnufélaga

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)

Ómerking. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt áfrýjunarstefnu er áfrýjað úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja uppkeðnum 3. desember 1986 og uppboði sem fram fór í framhaldi af því á fasteigninni Hásteinsvegi 20b í Vestmannaeyjum. Í stefnunni er úrskurðarorð sagt vera svohljóðandi:

„Kröfur sóknaraðila í þessum þætti málsins uppboðspóla Pálma Lórenssonar um að synjað verði um framgang uppboðs á fasteigninni Hásteinsvegur 20b, Vestmannaeyjum og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu málsins skulu ekki ná fram að ganga. Sóknaraðili greiðir varnaraðila (uppboðsbeiðanda) málskostnað kr.

10.000,- til umbj. Jóns Hjaltasonar hdl. og kr. 10.000,- til umbj. Jóns Óskarssonar hdl. eða samtals kr. 20.000,-.“

Í uppboðsbók er þetta skráð um hið áfrýjaða uppboð:
„Rétturinn var nú fluttur á Hásteinsveg 20b.

Uppboðshaldari las upp uppboðsskilmála og voru þeir samþykktir.

Hófust nú sölutilraunir.

Aðeins tvö boð komu í eignina, Jón Óskarss. hdl. bauð kr. 50.000,00 fyrir innheimtu ríkissjóðs og Jón Hjaltason bauð kr. 55.000,- fyrir Búnaðarbanka Íslands í Vík og krefst útlagningar ef skilyrði verða til, en einnig biður hann um annað og síðasta uppboð fyrir aðra þá kröfuhafa, sem hann mætir fyrir og ekki fá fullnustu með boði þessu.

Jón Óskarsson hdl. biður um annað og síðasta uppboð vegna sinna umbjóðenda.

Af hálfu uppboðspóla er því lýst yfir að uppboðsmáli þessu verði áfrýjað.

Uppboðshaldari lætur nú hamar falla til merkis um að sölutilraunum sé lokið.

Uppboðshaldari ákvað að annað og síðasta uppboð fari fram og verður uppboðsaðilum tilkynnt um uppboðsdag síðar.“

Kröfur áfrýjanda í munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti voru þær að synjað verði um framgang uppboðs á fasteign hans nr. 20b við Hásteinsveg í Vestmannaeyjum og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu þess, þar á meðal hinn áfrýjaði úrskurður og uppboðsgerð. Þá krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu óskipt.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar svo og staðfestingar hinnar áfrýjuðu uppboðsgerðar. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Af uppboðsbók Vestmannaeyja kemur fram að um mótmæli áfrýjanda í þinghaldi 3. desember 1986 og meðferð málsins af því tilefni er vísað til þess sem skráð er í bókina í uppboðsréttarmálinu nr. 108/1985 þar sem krafist hafði verið nauðungaruppboðs á fasteign áfrýjanda að Herjólfsgötu 4 í Vestmannaeyjum. Þannig er um hinn áfrýjaða úrskurð vísað til úrskurðarorðs forsendulauss úrskurðar út af sams konar ágreiningi í því máli. Liggur ekki fyrir

sérstakt skriflegt úrskurðarorð um ágreining í uppboðsréttarálinu um Hásteinsveg 20b í því formi sem fyrir er mælt í 2. tl. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981, sbr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Verður því að ómerkja ex officio meðferð málsins frá og með þinghaldi 3. desember 1986, þar á meðal hinn áfrýjaða úrskurð og hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Málskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Meðferð málsins í uppboðsrétti Vestmannaeyja frá og með þinghaldi 3. desember 1986 á að vera ómerk.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 98/1987. **Pálmi Lórensson**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegen

Byggðasjóði

(Baldvin Jónsson hrl.)

Útvegsbanka Íslands hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

Sláturfélagi Suðurlands

(Ingólfur Hjartarson hdl.)

Byko sf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

Sanitas hf.

()

Sparisjóði vélstjóra

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar

()